

Umsókn

um fræðimannsíbúð í Kaupmannahöfn skv. reglum um hús Jóns Sigurðssonar.

Nafn: Kt.:

Heimili:

Sími (vinnustaður): (heima): (aðrir):

Menntun (lokapróf, titill):

Starf:

Heiti verkefnis:

Fjölskyldustærð (sem verður í Kaupmannahöfn):

Er sótt um með öðrum? Hverjum?

Mánuðir sem sótt er um:

Til vara er sótt um:

Piggur umsækjandi laun meðan á dvöl stendur? Já Nei

Piggur umsækjandi styrk til dvalarinnar? Já Nei

Gögn sem fylgja umsókninni:

.....

.....

.....

Nauðsynlegt er að yfirlit um náms- og starfsferil (CV) og ritaskrá umsækjenda fylgi umsókn. Ritgerðir (eða handrit) tengdar verkefninu geta styrkt umsóknina. Gögn verða endursend umsækjendum.

Dagsetning: Undirskrift:

Til athugunar fyrir umsækjendur

Íbúð fræðimanns í Kaupmannahöfn skv. reglum um hús Jóns Sigurðssonar er úthlutað árlega tímabilið 1. september til 31. ágúst. Fræðimenn, sem hyggjast vinna að rannsóknum eða verkefnum í Kaupmannahöfn, geta sótt um afnot af íbúðinni eftir auglýsingu (venjulega í mars eða apríl). Íbúðin er í Skt. Paulsgade 70 (skammt frá Jónshúsi) en auk þess hefur fræðimaður vinnuherbergi (með tölvubúnaði) í Jónshúsi. Íbúðin er þriggja herbergja (um 80 ferm.) og fylgir henni allur nauðsynlegur heimilisbúnaður. Afnotin eru endurgjaldslaus, en þeim sem fá úthlutað ber þó að greiða hlutdeild í lokaþrifum íbúðarinnar auk afnotagjalds fyrir háhraðanet síma og er upphæðin tiltekin hverju sinni í auglýsingu. Dvalartími í íbúðinni er að jafnaði þrjár mánuðir en til greina kemur skemmri tími eða lengri eftir umfangi verkefnis og öðrum atvikum.

Umsækjendur skulu gera grein fyrir tilgangi ráðgerðrar dvalar sinnar í Kaupmannahöfn, svo og menntun og fyrri störfum. Þá skal taka fram hvenær á framangreindu tímabili og hve lengi óskað er eftir afnotum af íbúðinni, svo og stærð fjölskyldu umsækjenda ef gert er ráð fyrir að hún fylgi honum. Úthlutunarnefnd ætlar til að dvalargestir nýti úthlutaðan tíma sinn að fullu við störf í Kaupmannahöfn. Ef hjón, sambýlisfólk eða tveir einstaklingar hyggjast vinna saman að verkefni og búa saman í íbúðinni er óskað eftir að það komi fram í umsókn.

Við úthlutun íbúðarinnar er höfð hliðsjón af eftirfarandi atriðum:

1. Að umsókn sé vandlega unnin.
2. Að verkefnið verði ekki unnið annars staðar en í Kaupmannahöfn eða nágrenni.
3. Að verkefnið hafi fræðilegt eða hagnýtt gildi og þyki áhugavert.
4. Að sem eðlilegust skipting sé milli fræðigreina og kynja.

Þeir sem vilja kynna sér tiltekin málefni í Danmörku, án frekari fræðistarfa, eiga að jafnaði litla möguleika á úthlutun.

Tekið er tillit til fjárhags umsækjenda og sitja þeir fyrir sem njóta ekki annars styrks meðan á dvöl þeirra stendur.